

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Kjalarnes, Vallá, nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 28. nóvember 2014 deiliskipulag fyrir jörðina Vallá á Kjalarnesi. Nýtt deiliskipulag yfirtekur og fellir úr gildi eldra deiliskipulag spildu úr landi Vallár samþykkt 21. október 1999. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 51, reitur 1.173.0, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 sem markast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vitastíg vegna lóðarinnar nr. 51 við Laugaveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir svalir á norðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Landakot, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 18. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits. Í breytingunni felst að afmarkaður er reitur fyrir grenndargáma við vestari innkeyrslu á bílastæði sem liggur nyrst í útivistarsvæði Landakotshæðar meðfram Túngötu að Hólavallagötu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. mars 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2015